

Mál nr. 183/2021**M og****V v/ réttaraðstoðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna málskostnaðar í tengslum við dómsmál til endurheimtu fyrirframgreiðslu vegna verksamnings um framkvæmdir á lóð við fasteign.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 4.5.2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 21.5.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M eru eigendur A, nánar tilgreindrar fasteignar. Samkvæmt ódagsettu verksamningi við M tók B, nafngreint einkahlutafélag, að sér ýmsar framkvæmdir í lóð B. Hinn 30. september 2020 greiddi M 1.500.000 krónur fyrir fram inn á verkið sem mun hafa átt að hefjast sama dag. Úr því varð ekki og varð ekkert úr framkvæmdum af hálfu B. Fór svo að í desember 2020 riftu M verksamningnum við B og með bréfi lögmanns M til B, dags. 20. janúar 2021, var krafist endurgreiðslu á fyrirframgreiðslunni ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Var B gefinn vikufrestur til að greiða kröfuna ella yrði hún innheimt með aðstoð dómstóla.

Með tjónstilkynningu 3. febrúar 2021 var af hálfu M gerð krafa um bætur úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem M höfðu í gildi hjá V. V hafnaði bótaskyldu með vísan til undanþáguákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Álit.

Ekki er um það deilt að M riftu verksamningi við B vegna framkvæmda í lóð A, fasteignar í eigu M, en verksamningurinn mun hafa verið vanefndur að öllu leyti af hálfu B. Dómsmál það sem M hyggjast höfða gegn B er til endurheimtu fyrirframgreiðslu vegna verksamningsins. Með því að verksamningurinn lýtur að fasteign M verður ekki hjá því komist að líta svo á að dómsmálið varði M sem eigendur A. Af því leiðir, með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálunum, að vátryggingin tekur ekki til þessa dómsmáls og eiga M því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M, eiga ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.